

# IKKE!

Höfundur texta: Gro Dahle (Noregi)  
Höfundur mynda: Svein Nyhus (Noregi)  
Cappelen Damm, 2022

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023

Söguþráður: Í sögunni Ikke! kynnumst við Tiki sem er hugrakkt, glatt og forvitið barn þar til foreldrar­nir fara að hræða það með öllu því sem þeim finnst hættulegt. Tiki má ekki klifra, þarf stöðugt að gæta sín og má alls ekki borða syk­ur. Barnið verður svo óttaslegið að það fer að minnka. Þá verða foreldrar þess ánægðir því þá geta þau verndað litla barnið sitt gegn öllum hættum. Hvaða áhrif hefur þetta á Tiki?

Efnisorð: Forvitni, foreldrar/börn, hættur, þroski, reglur, áhyggjur, ábyrgð

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Flettið bókinni og skoðið myndirnar, hvernig lítum við út þegar við erum glöð, þegar við erum hrædd og þegar við erum reið? Getið þið sýnt tilfinningarnar með andlitinu og líkamanum?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið kápumyndina, um hvað haldið þið að bókin sé? Hvað er persónan á myndinni að gera?
2. Lesið fyrstu þrjár blaðsíðurnar í bókinni og skoðið myndirnar. Hvaða persónum kynnumst við? Hvað gerist í sögunni?
3. Tiki gerir alls konar hreyfingar í bókinni. Skoðið öftustu opnuna og lesið upphátt allar hreyfingarnar sem Tiki gerir. Reynið að gera þessar hreyfingar og sýnið hvert öðru. Hvernig lítur það út þegar fólk klifrar, baðar út höndum eða borðar vöflu sem datt á jörðina? Lesið textann aftur til að finna upp á nýjum hreyfingum.
4. Hvað er hættulegt og á ekki að gera? Ræðið í hópum.



ISBN 978-952-7572-38-2

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðið myndirnar í bókinni, hvaða liti sjáið þið? Hvers vegna haldið þið að myndahöfundurinn hafi notað þessa liti? Hvaða mynd höfðar mest til þín, hvers vegna?
2. Hvað finnst Tiki gaman að gera? Hvað heldurðu að foreldrum Tiki finnst gaman að gera?
3. Hvað er það hættulegasta sem þú finnur í bókinni, og það sem er minnst hættulegt?
4. Hvernig finnum við fyrir því í líkamanum þegar okkur langar til að gera eitthvað spennandi en fullorðna fólk þannig bannar okkur það? Manstu þegar það kom fyrir þig, geturðu sagt frá því?
5. Skrifðu ljóð þar sem hver lína byrjar á orðinu „ekki“.
6. Aftan á bókinni stendur að Tiki sýni hugrekki. Eruð þið sammála því? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
7. Hvað haldið þið að Tiki geri eftir að bókinni lýkur? Getið þið teiknað mynd sem gæti verið aftast í bókinni? Lýsið myndinni fyrir hinum í hópnum þegar þið hafið lokið við hana.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu myndir eða tengingu við aðrar sögur?

2. Af hverju heldurðu að Tiki fari að minnka?

3. Hvað heldurðu að höfundurinn eigi við með síðustu línunni í bókinni, um að Tiki eigi að bera sig sjálf/ur?

4. Foreldrar Tiki segja oft orðið „ekki“. Hvers vegna ætli það sé? Hvernig heldurðu að þeim líði?

5. Ef bókin ætti að hafa annan titil, hver ætti hann þá að vera?

6. Skoðaðu sögupersónurnar og sjáðu hvernig hlutir, litir og mynstur tjá tilfinningar og stemningu. Teiknaðu eða málaðu út frá bókinni mynstur sem tjáir hræðslu og annað sem tjáir gleði.

#### AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Da Mumbo Jumbo blev kæmpestor. Höfundur texta og mynda: Jakob Martin Strid  
Om du møter en björn. Höfundar texta: Malin Kivelä (Finnlandi) og Martin Glaz Serup (Danmörku).  
Höfundur mynda: Linda Bondestam (Finnlandi)

#### MÁLAMOLI

## "Nei"

sænska

Nej

danska

Nej

norska

Nei

íslenska

Nei

færeyska

Nei

grænlenka

Naamik

finnska

Ei

norðursamíska

li



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)